



Faglegar leiðbeiningar landlæknis varðandi eftirlit hjá konum sem farið hafa í legnáám

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007

Embætti landlæknis

Fara skal eftir þessum leiðbeiningum nema ef fyrir liggja upplýsingar frá SKS eða kvensjúkdómalækni um annað.

Leiðbeiningarnar varða eftirlit með stroksýni úr leggangatoppi eftir fullt legnáám.

Eftirlitssýni eftir legnáám má taka í heilsugæslu.

Mismunandi forsendur eru fyrir því að einstaklingar gangast undir legnáám og því þarf að fara yfir sögu leghálsskimana til að ákvarða eftirlit sem þarfnast innköllunar á vegum SKS.

Skimunarsaga eðlileg

Einstaklingar sem fara í fullt legnáám og eru ekki með sögu um frumubreytingar (CIN2, CIN3 eða AIS) eða HPV-smit fyrir aðgerð þurfa ekki eftirlit.

Skimunarsaga með jákvætt HPV

Einstaklingar sem fara í fullt legnáám vegna viðvarandi HPV-smits en hafa ekki greinst með frumubreytingar (CIN2, CIN3 eða AIS) í kvenlíffærum fyrir legnáám og engar frumubreytingar sjást í leginu eftir aðgerðina, þurfa enga eftirfylgni eða skimun eftir legnáám.

Skimunarsaga með frumubreytingum

Einstaklingar sem fara í fullt legnáám vegna frumubreytinga eða greinast með frumubreytingar (CIN2, CIN3 eða AIS) í vefjasvari eftir legnámið, er ráðlagt að fara í PAP sýnatöku 12 mánuðum eftir aðgerð (óháð skurðbrúnum). Gera skal *co-test*.

- Ef niðurstaða úr eftirlitssýni (*co-test*) er eðlileg 12 mánuðum eftir legnáám, er ekki þörf á frekara eftirliti eða skimun.
- Ef niðurstaða úr eftirlitssýni (*co-test*) er ekki eðlileg 12 mánuðum eftir legnáám, þ.e. HPV er jákvætt og/eða frumubreytingar greinast, er ráðlagt að fylgja flæðiriti 1 (sjá hér fyrir neðan).

Leiðbeiningarnar eru samsvarandi dönskum leiðbeiningum og unnar af Ágústi Inga Ágústssyni ásamt öðrum sérfræðingum í meðhöndlun frumubreytinga á LSH. Unnið upp úr: [Dansk Selskab for Obstetrik og Gynækologi](#). (2024). *Opfølgning efter hysterektomi på indikationen cervixdysplasi*. Sótt 31-10-2025

